

**4. fundur fjallskilaneftndar, símafundur haldinn að
Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 7. október 2010 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Vignir Arnarson, Lilja Magnúsdóttir, Símon Viggósson,

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir , formaður

Fundargerð færð í tölvu af oddvita 8.október 2010

Dagskrá:

1. 1010029 - Fjallskil í Tálknafjarðarhreppi haust 2010.

Á fundi fjallskilaneftndar með landeigendum í Tálknafirði þann 02.10.2010, var ákveðið að smala Tálknafjörð helgina 16 og 17. okt. Þar sem 20. grein fjallskilareglugerðar Vestur-Barðastrandarsýslu kveður á um að fjallskilaseðill skuli sendur út með minnst viku fyrirvara var haldinn símafundur í fjallskilaneftnd þann 07.10.2010 til að útbúa fjallskilaseðil og koma honum til landeigenda fyrir tilskilinn frest.

Ekki fundust afrit af eldri seðlum sem líklega voru síðast sendir út í kringum 1958. Því var leitað heimilda hjá eldri heimamönnum, skoðaðir uppdrættir af jarðamörkum og fjallskilaseðlar í öðrum sveitarfélögum notaðir sem viðmið til að jafna niður störfum við smalamennskur á hverri jörð. Fjallskilaseðill var samþykktur og sendur til landeigenda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____